

Umfang starfsemi

- Tekið á mót, geymd og afgreidd olía auk móttöku á úrgangsolíu samkvæmt verklagsreglum, sem samræmast reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, ISO 14001 umhverfisstjórnarstaðalinn, ISGOTT, International Safety Guidelines on Oil Tankers and Terminals. Starfsemin er vottuð af BSI gagnvart ISO 9001 gæða- ISO 14001 umhverfis- og OHSAS 18001 öryggisstjórnunarstöðlunum.
- Umfang þeirrar starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir er geymsla á alls 133.000 m³ af gasolíu og bensíni, í fjórum 12.700 m³ geymum á Miðsandi (Digralæk 1), þeim níu 6.850 m³ geymum sem þegar eru í birgðastöðinni á Litla-Sandi, auk þeirra þriggja 6.850 m³ geyma sem eru á skipulagi stöðvarinnar á Litla-Sandi og Umhverfisstofnun hefur samþykkt byggingu á, þótt af því hafi ekki enn orðið.

Afrit af staðfestu deiliskipulagi,

- Deiliskipulag fyrir Miðsand (Digralæk 1) var staðfest 10.02.2009. Deiliskipulag fyrir Litla-Sand er í vinnslu og verður sent stofnuninni um leið og það er staðfest.¹

Efni/orka

- Rafmagn til dælinga.

Lýsing á staðháttum við vinnslustað,

- Skip leggst að Miðsands- eða Litla-Sandsbryggju og losar í geyma í gegnum lagnir. Afgreitt er beint í skip í gegnum lagnir og á bíla, sem stæðu á áfylliplani stöðvarinnar.

Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,

- Losun vatns fer í gegnum olíuskiljur í púkk.
- Áhrif losunarinnar má m.a. lesa á vef UST: [http://eldri.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Olia - upplys. til fjolmidla.pdf](http://eldri.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Olia_-_upplys._til_fjolmidla.pdf)
- Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda er undir 35 g/Nm³ á klukkustund, senda er útblástur hreinsaður í sérstakri hreinsistöð, VRU (vapour recovery unit).

Lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,

- Reglubundið eftirlit er með lekum og öðrum umhverfisþáttum, frárennsli fer í gegnum viðurkennda olíuskilju sem eru í reglubundnu eftirliti og þjónustu og geymar standa í lekaþró sbr reglugerð nr 35/1994.

¹ Athugasemd Umhverfisstofnunar: Deiliskipulagstillaga hefur verið auglýst fyrir olíubirgðastöðina á Litla-Sandi.

Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,

- *Olíuskiljur eru virkniprófaðar í eftirliti, lagnir eru þrýstiprófaðar á 5 ára fresti og geymar þykktarmældir á 10 ára fresti skv reglugerð 35/1994, auk daglegs, vikulegs og mánaðarlegs eftirlits.*
- *VRU búnaður til að meðhöndla bensínufur er prófaður árlega af þjónustuaðila sem framleiðandi viðurkennir*

Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,

- *Reglubundið eftirlit er skráð á eftirlitsblöð sem skilað er inn til aðalstöðva mánaðarlega og haldið er utan um annað eftirlit í sérstöku eftirlitsforriti á aðalskrifstofu, auk innri úttekta í samræmi við ISO staðlana.*
- *Stöðug rýni á verkferlum og mælingar á magni úrgangs. Allur úrgangur er flokkaður til endurvinnslu, með það að markmiði að lágmarka óendurnýttan úrgang. Úrgangsolíu er safnað og hún flutt til endurvinnslu.*

Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,

- *Þeim spilliefnum sem gætu myndast við afgreiðslur, eins og olíumengaðar tuskur, er safnað í sérstök spilliefnakör, sem tæmd eru reglulega af viðurkenndum aðilum.*